

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtalda úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deilda Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957: 52. Nefnd Félags járníðnaðarmanna, Félags bifvélavirkja, Félags blikksmiða og Sveinafélags skipasmiða. Staðfest 29. febrúar 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 29. febr. 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 104.

29. marz 1968.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964, um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar.

1. gr.

Í stað „1000.00 kr.“ í 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi „1500.00 kr.“
Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 frá 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 105.

29. marz 1968.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um innflutnings- og gjaldeyrisleifi, nr. 3. 11. jan. 1967.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Tollskrá

kafli nr.

48.16.01 Pappakassar og öskjur.

48.16.06 Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 29. marz 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.